

Fjölskylda Ragnars í Smára, aðrir gestir!

Ragnar Jónsson, sem kenndur var við Smára, velgjörðarmaður íslenskrar alþýðu, fæddist á þessum degi fyrir 100 árum. Það er sannarlega vel við hæfi að þess sé minnst hér í þessu umhverfi, því eins og flestum er kunnugt, lagði Ragnar grunninn að Listasafni ASÍ með því að færa Alþýðusambandinu ómetanlegt safn listaverka eftir kunnustu og dáðustu listamenn þjóðarinnar.

Um helmingur listaverkagjafar Ragnars í Smára voru verk eftir fimm virtustu og dáðustu málara 20. aldarinnar, Ásgrím Jónsson, Jóhannes Kjarval, Þorvald Skúlason, Jón Stefánsson og Gunnlaug Scheving.

Nú eru liðnir rúmir fjórir áratugir síðan Ragnar færði Alþýðusambandi Íslands þetta safn á annað hundrað listaverka. Hann tileinkaði gjöfina minningu listunnandans Erlends Guðmundssonar í Unuhúsi.

Þegar að er gáð er margt líkt með Ragnari í Smára og Erlendi í Unuhúsi, þó bakgrunnur þeirra hafi verið ólíkur, Erlendur erfiðisvinnumaður og Ragnar umsvifamikill iðnrekandi. Báðir áttu það sameiginlegt að umgangast listamenn og vera í nánnum tengslum við þá. Báðir áttu þá hugsjón að skapa listamönnum aðstæður til að sinna list sinni og koma henni á framfæri og ungir listamenn áttu hjá þeim skjól. Báðir áttu þá hugsjón að almenningur fengi notið listar meistaranna.

Þessi hugsjón Ragnars í Smára skýrir líklega betur en flest annað af hverju hann fól Alþýðusambandinu varðveislu þessara dýrgripa. Hann vissi sem var, að með því væri dregið úr líkunum á því að safnið yrði leyst upp og einstök verk yrðu seld úr því – ef til vill úr landi. Hann vonaðist líka til að alþýðuhreyfingin héldi í heiðri þann skýra vilja sem fram kemur í gjafabréfinu frá 1961 – það er að tryggja aðgang almennings að þessum dýrgripum.

Í því sambandi er rétt að rifja upp það sem Hannibal Valdimarsson, þáverandi forseti ASÍ sagði í bréfi til Ragnars eftir að miðstjórn hafði samhljóða samþykkt á fundi sínum þann 22. júní árið 1961 að þiggja gjöfina:

“Miðstjórn Alþýðusambandsins gerir sér ljóst að vandi mikill fylgir þeirri vegsemd, að “samtök íslenskra erfiðismanna“ taki að sér varðveislu og ávöxtun þessara dýrmætu listaverkafjárjóða, en það er von vor, að Alþýðulistasafninu verði um alla framtíð vel borgið í fóstri Alþýðusambands Íslands.”

Ég held að ég geti leyft mér að segja að vilji Ragnars í Smára í þessu efni hafi gengið eftir. Alþýðusambandið hefur alla tíð leitast við að umgangast þessa gjöf af þeirri virðingu sem hún verðskuldar.

Í gjafabréfinu hafði Ragnar orð á því að komið yrði upp húsi fyrir safnið. Til að koma því máli á rekspöl gekkst hann fyrir því að Björn Th. Björnsson skrifaði bók, sem í senn yrði handbók um íslenska list og lykill að safninu fyrir eigendur þess. Fimm þúsund eintök af þessari bók fylgdu safninu, með þeim tilmælum að andvirðið yrði notað til að byggja vísi að safnhúsi.

Segja má að eftir að listasafninu var komið fyrir í húsakynnum Alþýðusambandsins við Grensásveg, hafi því verið sköpuð viðunandi aðstaða. Árið 1996 var síðan ráðist í það stórvirki að skapa safninu þá veglegu umgjörð sem hér er, þegar Ásmundarsalur var keyptur undir starfseminu. Í mínum huga er þetta þekkta hús – sem alla tíð hefur tengt listum og menningu órjúfanlegum böndum – ákjósanleg umgjörð í þessu sambandi. Verkalýðshreyfingin hefur leitast við að halda í heiðri þeirri meginhugsun sem að baki gjöfinni lá, það er að segja að koma listinni á framfæri við vinnandi fólk í landinu.

Það er ekki einungis hér í þessu húsi sem Listasafn ASÍ sýnir. Jafnan eru í gangi nokkrir tugir sýninga á listaverkum safnsins á vinnustöðum. Núna eru þessar sýningar um fimmtíu talsins, í Reykjavík og víða um land.

Þá eru ótaldar allar þær sýningar á verkum öðrum en þeim sem tilheyra hinu eiginlega listasafni, því hér í húsnæði listasafnsins eru alltaf í gangi sýningar á margvíslegum öðrum verkum – innlendum og erlendum – sem allar miða að því að veita almenningi aðgang að listinni.

Ég veit sjálfur hversu góð áhrif það getur haft á mann að umgangast listaverk safnsins. Allt frá því að ég hóf afskipti af verkalýðsmálum, hafa verk úr safninu verið hluti af sviðsmyndinni. Í húsakynnum Trésmiðafélagsins voru ævinlega myndir úr safninu og þær voru svo mikilvægur hluti af umgjörðinni, að þegar þær voru teknar niður – til dæmis þegar skipt var um verk – hafði fólk strax orð á því hversu sviplausar og kuldalegar vistarverurnar væru.

Á skrifstofum Alþýðusambandsins hanga jafnan myndir úr safninu og það eru forréttindi okkar sem þar störfum að vera í svo náinni snertingu við öndvegisverk íslenskrar myndlistar.

Um leið og ég ítreka þakklæti mitt og íslenskrar verkalýðshreyfingar til velgjörðarmannsins Ragnars í Smára, vil ég áréttta að þó að við í dag - á eitthundrað ára fæðingarafmæli Ragnars – minnumst hans sérstaklega, þá er ekki öll sagan sögð.

Minningu hans er haldið á lofti alla daga – um allt land – með því að íslenskt alþýðufólk hefur tækifæri á að njóta listar sem það hefði annars farið á mis við.

Ég fullyrði að aldrei hefur rausnarlegri gjöf verið færð íslensku alþýðufólki. Almennigur á Íslandi hefði aldrei komist í jafn nána snertingu við þessi verk nema fyrir þennan höfðingsskap Ragnars Jónssonar í Smára.